

Stjórnarfundur 8. desember 2022

Íþróttahúsið Digranesi

Eftirfarandi aðilar sátu fundinn:

- Friðrik Goethe
- Sigurður Ingi Jónsson
- Mörður Áslaugarsson
- Bjarki Þór Kjartansson

Á fundinum sem haldinn var þann 8. desember var snið fundarins aðeins öðruvísi en venjulega þar sem framkvæmdirnar í félagsaðstöðunni okkar var eitt aðal umræðuefnið á fundinum. Fær það þess vegna sinn eigin lið á dagskrá fundarins.

Dagskrá fundarins:

1. Framkvæmdir í félagsaðstöðu
2. Skotstjórafundur
3. Fastir liðir stjórnarfunda
4. Opnunarhátíð félagsins
5. Önnur mál

1. Framkvæmdir í félagsaðstöðu

Enn er ágætur verkefnalisti sem þarf að fara í gegnum áður en hægt er að opna, en Formaður félagsins fer að fara af stað með smíðina á gildrunni og veit af 2 aðilum sem hann getur hugsanlega fengið til að aðstoða sig við uppsetninguna.

Loftræstikerfið ætti að vera komið upp og starfhæft fyrir jólin.

Stefnt verður á að reyna að halda vinnukvöld næstu viku eða jafnvel um aðra helgina sem er eftir fyrir jólin en stjórnin er vongóð á að það sé ekki meira en tveggja daga vinna eftir. Við munum svo tala við ræstipjónustuna um að aðstoða okkur við þrif fyrir opnun.

Samskipti við kópavogsbæ eru orðin betri og hvaða verkefni liggja á okkar könnu og þeirra orðin skýrari.

Viðar hefur verið mjög duglegur í gegnum framkvæmdirnar og var stungið upp á að veita honum viðurkenningu og gera hann að Heiðursfélaga á næsta aðalfundi félagsins.

2. Skotstjórafundur

Skotstjórafundurinn fór ekki eins og lagt var upp með, en fáir sáu sér fært að mæta.

Við héldum ekki skyndihjálparnámskeiðið þar sem mætingin var lítil, en við unnum að því að úthluta mótahaldi tímabilsins, en svo sjáum við ekki fram á það að ná að halda nein mót fyrripart árs.

Stefnum á að halda skotstjórafund með skyndihjálparnámskeiði í byrjun árs þegar starfsemin er farin af stað.

3. Samningar við Lögregluna

Samningar eru í gangi við Lögregluna um leigu á aðstöðunni okkar til æfinga. Haldnir verða fundir með Kópavogsbæ á mánudaginn næstkomandi og svo Lögreglunni á miðvikudaginn næstkomandi.

Vegna hagsmuna áreiktra hefur Sigurveig Helga Jónsdóttir ákveðið að segja sig úr stjórn félagsins og þökkum við henni fyrir unnin störf í þágu félagsins. Hefur Bjarki Kjartansson tekið við hennar hlutverki sem vara formaður félagsins.

4. Opnunarhátíð félagsins

Enn er stefnt á að halda opnunarhátíð félagsins þann 5.janúar eins og lagt var upp með.

Þar er allt í gangi en eru fulltrúar félagsins byrjaðir að vinna hörðum höndum við að skipuleggja dagskrá.

5. Verkefnalisti Stjórnar

Til þess að auka afköst stjórnar félagsins höfum við tekið upp stafrænan verkefna lista fyrir verkefni stjórnar og hefur gengið vel að setja upp verkefni þar.

Fyrsta verkefnið sem tekið verður fyrir af þeim lista er að stilla upp Skammbyssunámskeiði fyrir þá sem vilja iðka skammbyssugreinar í félaginu okkar og Skyttuskólann fyrir ungliða sem vilja koma og æfa með okkur.

6. Önnur mál

Ef við ætlum að halda auka félagafund þann 5.janúar þurfum við að senda út fundarboð fyrir hann.

Spurning hvort það sé til einhver valisti yfir aðila sem ættu ekki að fá að iðka skotíþróttir hjá Lögreglunni sem við getum borið saman við iðkendurnar okkar til þess að reyna að koma í veg fyrir að atvik eins og kom upp á Blönduósi. Ritari tekur að sér að heyra í fulltrúa Lögreglunnar.

Stungið upp á að færa þeim sem hafa verið að vinna hvað mest með okkur í framkvæmdunum einhvern glaðning. Stjórnin tók vel í þessa hugmynd.

Í sambandi við að taka upp Sportabler þurfum við að skoða þjónustuna og hvort hún uppfylli öll persónuverndarsjónarmið og GDPR skilyrði.

Líka spurning hvort það sé hægt að tengja það við aðgangsstýringarkerfi félagsins.